



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEILLAÓSKIR TIL HEIMSMEISTARA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag sent Annie Mist Þórisdóttur hamingjuóskir með sigur hennar í Heimsleikum í crossfit. Í kveðjunni áréttaði forseti að hún hefði sýnt ungu fólki hve langt væri hægt að ná með aga, þjálfun og einbeitingu. Mikilvægt væri að æska landsins ætti slíkar fyrirmyndir.

*2. ágúst 2011*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*